



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir grunnskóla (Hjallastefnan í Reykjavík) að Bústaðavegi 9, F2032188, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Hjallastefnan ehf.

Heimilisfang: Vífilsstaðavegur 123

Póstnúmer: 210

Kennitala: 540599-2039

Útgáfudagur leyfis: 12. júní 2025

Gildir til: 31. desember 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla*. Í gildi er undanþága Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis frá ákvæðum 29. gr. *Reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti* er varða handlaugar í kennslustofum og aðstöðu til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikinda. Eftirfarandi skilyrði eru sett í starfsleyfinu: Fjöldi nemenda verði ekki meiri en 15 hverju sinni í húsnæðinu. Ekki er heimilt að bjóða upp á mat í húsnæðinu.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 12. júní 2025



Hjallastefnan ehf.
Vífilsstaðavegi 123
210 Garðabæ

Dagsetning 30.4.2025
Málsnúmer URN25030184

Undanþágubeiðni vegna Bústaðavegar 9

Við er til erindis Hjallastefnunnar ehf. sem barst ráðuneytinu þann 26. mars sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá 29. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti um að handlaug sé í hverri stofu og að aðstaða sé til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikinda vegna afnota Hjallastefnunnar á húsnæði fyrir grunnskóla að Bústaðavegi 9 í Reykjavík til 31. desember 2026.

Rökstuðningur undanþágubeiðni

Fram kemur í erindinu að húsnæðið verði notað fyrir næðis- og sérkennslustundir fyrir grunnskólanema Hjallastefnunnar. Önnur grunnskólastarfsemi Hjallastefnunnar er staðsett í húsnæði skólans í Skógarhlíð 6. Skólastarf Hjallastefnunnar fari að mestu fram í Skógarhlíð 6 eftir að starfsemin vék af lóð Háskólans í Reykjavík haustið 2022, hafi vaxið ört þrátt fyrir að húsnæðiskostur þess sé enn um sinn bágborinn. Frá árinu 2022 hafi verið unnið markvisst að því að koma starfsemi bæði barnaskólans og einnig leikskólans Öskju í framtíðarhúsnæði. Lóð við Nauthólsveg sem nú þegar sé skilgreind undir skólastarf sé til skoðunar og vilyrði um úthlutun sagt muni liggja fyrir á næstu dögum. Þá muni hefjast undirbúningur að byggingu skóla og ef allar áætlanir muni ganga eftir muni starfsemin geta flutt í nýtt húsnæði í ársbyrjun 2007.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) til framangreinds erindis Hjallastefnunnar þann 27. mars sl. Í umsögn HER, dags. 10. apríl sl., kemur fram að Hjallastefnan hafi sótt um starfsleyfi fyrir miðstig barnaskólans við Bústaðaveg 9 með starfsleyfisumsókn dags. 2. desember 2024. HER hafi farið í úttekt á húsnæðinu við Bústaðaveg 9 þann 3. janúar sl. og aðstaðan skoðuð með tilliti til hollustuhátta, hreinlætis og öryggis. Í starfsleyfisumsókn komi fram að húsnæðið sé ætlað sem viðbót við annað húsnæði sem skólinn hafi til umráða, en aðalstarf skólans og umsjónarstarf fari fram í Skógarhlíð 6, og að húsnæðið við Bústaðaveg sé ætlað til að taka á móti smærri hópum í uppbroti á skólastarfi. Í umsagnarbeiðni kemur fram að gert sé ráð fyrir 5-15 börnum á aldrinum 10-12 ára sem nýti húsnæðið á hverjum tíma og að viðvera í húsinu á virkum dögum sé kl. 9:15-11:30 og svo 12:30-14:15. Í eftirliti HER hafi komið fram að fyrirhugað sé að kennari gangi með börnum um útivistarsvæði að Bústaðavegi 9. Einnig kom fram að ekki sé fyrirhugað að börn neyti hádegismatar í húsinu. Segir að í húsinu séu 10-13 skrifstofur, 4 m² að stærð, sem fyrirhugað sé að nota undir kennslu. Engar handlaugar séu á þessum skrifstofum. Í húsinu séu tvö salerni, annað þeirra verði merkt starfsmönnum en hitt nemendum. Hvort salerni fyrir sig sé í læsanlegu, lokuðu rými með handlaug. Ekki séu gerðar athugasemdir við fyrirhugaðan fjölda barna í húsnæðinu út frá fjölda salerna. Í húsinu sé kaffiaðstaða með kaffivask þar sem hægt sé að taka drykkjarvatn. Aðstaða sé ekki fullnægjandi til að notast sem móttökueldhús. Því bjóði húsnæðið ekki upp á neyslu matar í því umfram hefðbundið nesti sem börn komi með að heiman fyrir morgunhressingu. Í húsnæðinu sé ekki aðstaða til aðhlynningar nemenda vegna

skyndiveikinda. Búið sé að koma upp þess konar aðstöðu í Skógarhlíð 6 þar sem aðalstarf skólans fari fram. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur óskaði umsagnar byggingarfulltrúa um hvort viðkomandi starfsemi væri heimil. Umsögn byggingarfulltrúa um starfsleyfisumsókn barst 25. mars sl., svohljóðandi:

„Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir grunnskóla á vegum Hjallastefnunnar ehf. að Bústaðaveg 9. Húsnæðið heimilar þessa notkun. Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 22. október 2024 (USK24100245) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur. Lokaúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags. 21. mars 2025.“

HER gefur jákvæða umsögn við að undanþága verði veitt frá fyrrnefndum ákvæðum 29. gr. reglugerðar, nr. 903/2024 vegna húsnæðis að Bústaðavegi 9 með þeim skilyrðum að fjöldi barna sé ekki umfram 15 hverju sinni, vegna fjölda salerna og að ekki verði boðið upp á mat í húsnæðinu.

Undanþága veitt með skilyrðum

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 getur ráðherra þegar sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfis- og orkustofnunar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt 4. og 5. gr. laganna. Nánar er fjallað um undanþágu ráðherra í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 903/2024, þar sem fram kemur, auk framangreinds, að óski rekstraraðili eftir slíkri undanþágu skal skriflegri beiðni beint til ráðherra þar sem tilgreina skal með skýrum hætti frá hvaða skilyrði óskað er eftir undanþágu og í hvaða grein það er að finna, umbeðinn gildistíma undanþágu og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort aðstæður máls séu svo sérstakar að veita skuli undanþágu í umbeðnu tilviki. Veiti ráðherra undanþágu samkvæmt þessari grein skal heilbrigðisnefnd kveða á um hana í starfsleyfi, þar sem við á.

Með vísan til þess sem að framan greinir, þ.m.t. að húsnæðið að Bústaðavegi 9 er tímabundin aðstaða þar til starfsemi skólans flyst í framtíðarhúsnæði, og að aðstaðan er ekki fyrir aðalstarf skólans fellst ráðuneytið á að veita Hjallastefnunni umbeðna undanþágu frá 29. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 903/2024 hvað varðar skilyrði um að handlaug sé í hverri stofu og að aðstaða sé til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikinda, vegna Bústaðavegar 9, til 31. desember 2026.

Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Fjöldi barna í húsnæðinu verði ekki umfram 15 hverju sinni.
2. Ekki er heimilt að bjóða upp á mat í húsnæðinu.
3. HER muni gefa út starfsleyfi vegna starfseminnar að Bústaðavegi 9 og kveða á um undanþágu þessa í því starfsleyfi.

Starfsemi Hjallastefnunnar er starfsleyfis skyld og háð eftirliti HER. HER skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur Hjallastefnunnar sem mun starfa á undanþágu.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Trausti Ágúst Hermannsson

Guðmundur B. Ingvarsson



Hjallastefnan ehf.

kt. 540599-2039

Vífilstaðavegi 123

vegna grunnskóla (Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík) í starfstöð fyrirtækisins
að Bústaðavegi 9.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og/eða
6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Umsókn fullnægjandi/ófullnægjandi. Sjá kafla 1.	20.12.2024. Umsókn var metin fullnægjandi.
Rekstraraðili, kt.	Hjallastefnan ehf., kt. 540599-2039
Heiti fyrirtækis	Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Bústaðavegur 9, F2032188, rými 01 0101.
Tegund starfsemi	Skólahúsnæði sbr. tölulið nr. 41 í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tilefni umsóknar	Ný starfsemi.
Umsögn skipulagsfulltrúa	Ekki var talin þörf á umsögn skipulagsfulltrúa
Umsögn byggingarfulltrúa	Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa dags. 25. mars 2025.
Dags. birtingar auglýsingar – frestur til athugasemda	Auglýsing var birt 9. maí 2025. Frestur til athugasemda var til 6. júní 2025.
Athugasemdir sem bárust	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla	Umsóknin var lögð fyrir 1836, afgreiðslufund HER þann 12. 06.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 31.12.2026.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi og var móttaka hennar auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

3. Undanþága ráðherra frá reglugerð nr. 903/2024.

Umsækjandi óskaði eftir undanþágu Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra frá ákvæðum í 29. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti er varða að handlaugar skuli vera til staðar í kennslustofum og að til staðar skuli vera aðstaða sé til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikindi. Undanþágan var veitt með bréfi dags. 30.4.2025 og gildir hún til 31.12.2026. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum.

1. Fjöldi barna í húsnæðinu verði ekki umfram 15 hverju sinni.
2. Ekki er heimilt að bjóða upp á mat í húsnæðinu.
3. HER muni gefa út starfsleyfi vegna starfseminnar að Bústaðavegi 9 og kveða á um undanþágu þessa í því starfsleyfi.

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/auglysing-starfsleyfa-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

7. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Hjallastefnunnar ehf. tekin fyrir á 1836. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 12.06.2025 og samþykkt að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemina til 31.12.2026.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 16. júní 2025



Úttekt

Málsnúmer: 2024120218

Búið til: 10.01.2025

Eigandi skjals: Harpa Lind Björnsdóttir

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	03.01.2025	Tími ferðar:	12:00 - 12:30
Fulltrúi HER:	Harpa Lind Björnsdóttir/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tilfni skýrslu:	Úttekt		
Fyrirtækjaflokkur:	80.1 Fræðslustarfsemi á grunnskólastigi		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	540599-2039
Heiti leyfishafa:	Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík	Staður leyfishafa:	Bústaðavegi 9
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	25020019

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum:

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

Athugasemdir:

Komið í úttekt á Bústaðaveg 9. Um er að ræða 2 hús með tengibyggingu á Veðurstofureit. Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík hefur tekið húsnæðið tímabundið til leigu. Fram kom að húsin verði flutt burt áður en farið verður í uppbyggingu nýs íbúðarhúsnæðis á reitnum.

Búið er að sækja um tímabundið starfsleyfi Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík við Bústaðaveg 9.

Í eftirliti var rætt við Lindu Björk skólastýru Barnaskólans og Einar fyrir hönd Veðurstofunnar.

Fram kom að húsnæðið hafi áður verið nýtt fyrir hluta starfsmanna Veðurstofunnar. Fram kom að fyrirhugað sé að nýta húsnæðið þannig börn mæti í Háuhlíð 9, svo fari 18 börn að hámarki ú afmörkuðum hóp 11 ára stúlkna, gangandi með kennara í húsið 9-11, fari svo í Háuhlíð aftur þar sem börn neyti hádegisverðar og mæti svo aftur í hús við Bústaðaveg 12:30-14:30. Ekki er ætlast til að foreldrar skili börnum og sækji þau við þetta húsnæði né að starfsmenn séu að keyra þangað. Fyrirhugað er að 2 starfsmenn verði í hvorum hluta hússins.

Gengið er inn í hús í tengibyggingu. Búið er að setja krossviðarplötu í útidyr í stað rúðu, merki um rakaskemmdir á plötu.

Í húsinu eru 2 salerni.

Merkja skal annað salerni starfsmönnum og hitt nemendum.

Bent er á að skv. rg. um hollustuhætti nr. 903/2024 er fullbúin snyrting skilgreind: *Fullbúin snyrting* er rými með salerni, salernispappír, handlaug með rennandi vatni, spegli, sápu, handþurrkum og ruslafötu, sem og tíðavörum eftir atvikum.

Ræstiaðstaða með ræstivask til staðar.

Fyrirhugað er að nota skrifstofur sem kennslustofur. Handlaugar eru ekki á skrifstofum/kennslustofum.

Einnig er ekki til staðar aðstaða til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skólastýru var leiðbeint munnlega um að sækja þyrfti um undanþágu til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis vegna umræddra atriða.

Kaffistofa með lítilli eldhúsinnréttingu og kaffivaski til staðar. Taka má drykkjarvatn í kaffivaski. *Aðstaða í húsinu býður ekki upp á að hádegisverðar sé neytt í honum.* Ekkert móttökueldhús.

Fram kom að búið sé að gera breytingu á brunahólfunum í húsunum að kröfu Eldvarnareftirlits.

Stubbahús er á ytra byrði húss. *Fjarlægist.*

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:
Matvæli:
Mengunarvarnir:
Heildareinkunn:

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Grunnskóla

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rlg. .nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir grunnskóla.	941/2002	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Starfsleyfi grunnskóla tekur til húsnæðis, lóðar, leiktækja og leiksvæðis.	941/2002 14.gr. 942/2002 2.gr.	
1.3	Þess skal gætt við staðsetningu grunnskóla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.	941/2002 34.gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði	941/2002 7.gr.	
1.5	Innra eftirlit skal vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar um hollustuhætti eins og nánar er tilgreint í skilyrðum þessum.	941/2002 11.gr. og 36.gr.	
1.6	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn	941/2002 14. gr.	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 13.gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	
2.3	Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 37.gr.	



2.4	Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni	941/2002 37.gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægjanlegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr.	
2.6	Í skólastofum grunnskóla skal vera handlaug. Einnota handþurrkur skulu vera við handlaugar.	941/2002 38.gr.	
2.7	Stærð, gerð og fjöldi salerna fer eftir ákvæðum byggingareglugerðar	941/2002 37.gr.	
2.8	Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.	941/2002 15.gr.	
2.9	Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir karla og konur	941/2002 15.gr.	
2.10	Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í klefanum eða við hann í sérstöku rými	941/2002 15.gr.	
2.11	Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa	941/2002 15.gr.	
2.12	Lágmarksaðstaða nemenda skal vera í samræmi við reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.	941/2002 37.gr. 657/2009 7.gr	
2.13	Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast.	941/2002 38.gr 657/2009 5.gr.	

3. HÁVAÐI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
3.1	Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða. Gæta skal þess að hljóðstig verði ekki það hátt að valdi óþægindum.	724/2008 7.gr.	
3.2	Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 Gr.37	

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rlg.nr.	Uppfyllt
4.1	Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg og verklýsing á hverju vinnusvæði þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa	941/2002 Gr. 11, 14, 34 og 36	
4.2	Alsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 Gr.11 og 14	



4.3	Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 gr.11 og 14	
4.4	Loftræsikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Þjónustuhandbók fyrir vélrænt loftræsikerfi eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 gr.11 og 14	
4.5	Ekki má hleypta hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið eða lóð. Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með dýr inn í skóla í afmarkaðan tíma enda komi það fram í starfsleyfi eða gefið út einstakt leyfi fyrir sérstakar heimsóknir. Þó er fötluðum einstaklingum heimilt að hafa með sér hjálparhund.	941/2002 19.gr og fylgiskjal 3.	
4.6	Tóbaksreykingar eru bannaðar í grunnskólum, bæði í húsnæði og á lóð	Lög nr. 6/2002	

5. MATVÆLI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælaeðlunargæðis um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framreiðslu og dreifingu matvæla.	Rlg 103/2010 og 852/2004	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
6.1	Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn.	941/2002 37.gr	
6.2	Setja skal starfsreglur sem miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys. Fara skal eftir viðeigandi ÍST-EN stöðlum um öryggi og slysavarnir.	941/2002 37.gr	
6.3	Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að reglulegt innra eftirlit sé haft með leikvallatækjum, leiksvæðum og búnaði.	942/2002 12.gr.	
6.4	Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað, í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar nr.112/2012.	941/2002 14.gr.	
6.5	Skólastjóri skal skrá slys og óhöpp sem verða í skólanum á þar til gerð eyðublöð.	941/2002 11. og 36.gr. 942/2002 12.gr.	

7. LÓÐ, LEIKVALLATÆKI OG LEIKSVÆÐI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
7.1	Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.		
7.2	Leikvallatæki, undirlag og annar búnaður skulu uppfylla ÍST-EN staðla sem taldir eru upp í viðauka I og IV.	942/2002 viðauki I og IV	
7.3	Innra eftirlit skal vera í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.	942/2002 12.gr.	
7.4	Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Skráningar á innra eftirliti sem og afrit af skýrslum um aðalskoðun skal vera til staðar í starfstöð og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeim. Tilgreina skal til hvaða úrbóta skal grípa til þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðar og hvenær úrbótum er lokið. Sjá dæmi um rekstrarskoðun á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhaettir/ReglulegSkodunLeikvalla.pdf	942/2002 Viðauki III 942/2002 7.gr. 942/2002 Viðauki II	
7.5	Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Sjá kafla 3.8 í Öryggisvísi leiksvæða á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhaettir/oryggisvisir_2004.pdf		
7.6	Leiksvæði skal vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir á lóðinni þannig að stafi hætta af.		
7.7	Skólalóðir skulu afgirtar að hluta til eða að öllu leyti ef að slysaætla stafar af umhverfi. Frágangur lóða skal vera þannig að börnum stafi ekki hætta af.	941/2002 38.gr.	
7.8	Lýsing á lóð skal vera góð.	942/2002 6.gr.	

8. UMHVERFISMÁL

		Rlg.nr.	Uppfyllt
8.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið	941/2002 34.gr	
8.2	Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003, 12.gr.	



Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.			
8.3	Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.	Lög nr. 61/2013 og rlg 941/2002 37. gr.	
8.4	Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru	941/2002 14. gr.	
8.5	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	


Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
 Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
 Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
 Reglugerð 724/2008 um hávaða
 Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
 Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
 Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. [169/2002](#),
 Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir
 Lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem byggja á þeim
 Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,
 Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
 Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og og skólalóða,
 Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

85200 Fræðslustarfsemi á grunnskólastigi

Reykjavík 19.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir

